


Ný textasýn í Sögu 3.1.38

Nýja textasýnin birtir gögn úr öllum einingum í Sögu í öfugri tímaröð og í textasýninni er dýnamísk leit (sía). Allar hreyfingar á sjúkraskrá einstaklings birtast í öfugri tímaröð með textaleit.

Hér fyrir neðan eru leiðbeiningar um nýja textasýn í Sögu 3.1.38 en þeir sem vilja heldur horfa á kennslumyndband um nýja textasýn geta smeltt [hér](#).

Tannhjólið í Nýju textasýninni

Hægt er að prenta og afrita gögnin á hefðbundinn hátt úr kerfinu og stækka og minnka letur á textasýninni. Það er gert með því að smella á tannhjólið efst í horninu hægra megin.




Gögn sótt

Þegar einstaklingur er valinn í nýrri textasýn hlaðast upp sjúkragögn hans í öfugri tímaröð og birtir Saga 40 nýjustu færslurnar í textasýninni. Í horninu uppi hægra megin er hægt að smella á tvo hnappa: „Sækja meira“ og „Sækja allt“.




Þegar notandi velur að „Sækja meira“ sækir Saga næstu 40 færslur úr sjúkraskránni og er hægt að smella aftur og aftur á þennan hnapp til þess að sækja fleiri færslur. Ef notandi smellir á „Sækja allt“ sækir Saga alla sjúkraskrá einstaklings. Það getur tekið langan tíma ef einstaklingur á mikið af gögnum í sjúkraskránni.

Blá lína birtist efst í textasýninni sem gefur til kynna tímamann sem það tekur Sögu að sækja fleiri gögn. Notandi verður að bíða á meðan Saga hleður inn nýjum gögnum í textasýnina.



Leitað í gögnum sem hafa verið sótt - Sía


Þegar smellt er í leitarreitinn og skrifað leitarorð þá sýnar Saga strax þau gögn sem búið er að lesa inn í textasýnina og birtir einungis þær færslur sem innihalda leitarorðið. Ef innihald leitarreitsins er hreinsað, eða smellt á burstatáknið, þá er sían hreinsuð og öll gögn verða aftur sýnileg.



The screenshot shows the user interface for Jóna Jónsdóttir. At the top, there is a search bar containing the text "brot". Below the search bar, a dropdown menu is open, showing search criteria: "Síur", "Tímabil: Öll gögn", and "Texti inniheldur = 'brot'". The main area displays a list of search results with the following details:

- 18.05.2015 Heilsuvandablað - Almennar lyflækningar**
 Heilsuvandi: **Brot** þ framristarbeini, 592.3
 Staða vandá: Övirkur
 Undirritað af: Guðrún Sigríður Jóhannesdóttir, Þjónusta (3959)
 Stofnun: Saga_skema - TMS, Holtasmári 1, Holtasmári 1, 201, Sími: 545-3300
- 30.04.2015 (or) Læknabréf (Breytt blað, afrit) - Almennar lyflækningar**
 Viðtakandi: Vera Hellsudóttir, Heimilislækningar, Borgartúni, 101 Reykjavík
 Sjúkdómgreiningar: **Brot** á framristarbeini, 592.3: Hér kemur texti, 1
 Aðgerðir / Meðferðir / Rannsóknir: **Brot** sett án skurðar og gipsað circulet, TNX 03: Hér kemur texti, 2
 Innihald: Lega: 09.01.2015 - 09.01.2015:
 Hér kemur texti, 3
 Sérfræðingur: Kristín Steingrimsdóttir
 Undirritað af: Guðrún Sigríður Jóhannesdóttir, Þjónusta (3959)
 Stofnun: Saga_skema - TMS, Holtasmári 1, Holtasmári 1, 201, Sími: 545-3300
- 29.04.2015 09:53 Koma á Almennar skurðlækningar**
 Greiningar: **Brot** á fótlegg (S82.2 ICD-10) [Aðalgreining] - skráð af Guðrún Sigríður Jóhannesdóttir (Læknir)


Þegar smellt er á síu-táknið birtast kaflar sem hægt er að opna og haka við atriði sem notandi vill leita eftir. **Athugið** að leitin leitar einungis í þeim gögnum sem búið er að lesa inn í textasýnina þannig að ef notandi vill leita í öllum gögnum einstaklings ætti hann að byrja á því að smella á „Sækja allt“ og byrja svo að leita eða sía eftir ákveðnum flokkum.




The screenshot shows a search filter menu with the title "Síur". A funnel icon in the top right corner is highlighted with a red box. The menu lists the following categories:

- Uppruni gagna
- Dagbók
- Deild
- Faghópur
- Íhlutur - aðgerð
- Íhlutur - tegund
- Meðferðarskráning
- Mælingar
- Ofnæmi og aðvaranir
- Starfsmaður
- Tegund eyðublaðs

Ef smellt er á kaflaheiti í síunni þá hakast við alla undirkafla. Ef smellt er aftur á kaflaheitið þá afhakast allir undirkaflar.



Í dæminu hér fyrir neðan er búið að opna kaflann „Mælingar“ og haka við „Hiti“ þannig að Saga birtir einungis textasýn af skráðum hita úr mælingareiningunni í þeim gögnum sem búið er að sækja í textasýnina.





Hægt er að fella saman kafla í Nýrri textasýn með því að smella á fyrirsagnir. Þá lokast kaflarnir:

2014	20.05.2015 Samskiptaseðill - Almennar lyflækningar [Óstaðfest gögn]	Lokaður kafli
	20.05.2015 TR-V umsókn um örorkubætur - Almennar lyflækningar [Óstaðfest gögn]	

Undirritað af: Guðrún Sigríður Jóhannesdóttir, Þjónusta (3959)
Stofnun: Saga_skema - TMS, Holtasmári 1, Holtasmári 1, 201, Sími: 545-3300

Tímalína

Vinstra megin í Nýrri textasýn birtist tímalína. Stöplar sem birtast á tímalínunni gefa til kynna að skráð hafi verið í sjúkraskrá á þessum tímamarki. Þegar smellt er á stöpul á tímalínunni þá sækir Saga gögn aftur í tímann, að því tímabili sem smellt var á. Gögn bætast við aftast í textasýninni (þarf að skrúna niður til að lesa meira). Græni bakgrunnurinn verður hvítur á tímalínunni eftir því sem eldri gögn eru sótt í Nýju textasýnina.

Síur

Jóna Jónsdóttir kt. 010170-5599

Borgartún 37, 5 hæð, 105 Reykjavík
Heimilislæknir: Vera Heilsudóttir
Aðstandendur:
Nánasti aðstandandi: Jón Jón Jónsson,
Anna Jónsdóttir, dóttir, Farsími: 866592

2015

2014

20.05.2015 Samskiptaseðill - Almennar lyflækningar [Óstaðfest gögn]

Lýsing starfsmanns: Hér er lýsing sem hefur verið breytt.
Greiningar og úrlausnir: Ný episóða - Neðri áhrif
Undirritað af: Guðrún Sigríður Jóhannesdóttir, Þjónusta (3959)
Stofnun: Saga_skema - TMS, Holtasmári 1, Holtasmári 1, 201, Sími: 545-3300

2013


20.05.2015 TR-V umsókn um örorkubætur - Almennar lyflækningar [Óstaðfest gögn]

Undirritað af: Guðrún Sigríður Jóhannesdóttir, Þjónusta (3959)
Stofnun: Saga_skema - TMS, Holtasmári 1, Holtasmári 1, 201, Sími: 545-3300




Skipt um sjúkling

Ef notandi er með sjúkling valinn og er byrjaður að hlaða inn gögnum í gagnasýn en ákveður í miðju ferli að skipta um sjúkling, þá stoppar hleðslan og notandanum er bent á að nú þurfi hann að ýta á F5 eða „Uppfæra“ hnappinn til að hlaða inn gögnum fyrir nýjan kerfissjúkling.



Síur úr gömlu textasýninni

Ef starfsmaður á vistaðar síur í gömlu textasýninni þá er hægt að virkja eldri síur í Nýju textasýninni. Starfsmaður hakar þá við „Virkja síu“ og við það birtist fellilisti þar sem hægt er að velja úr eldri síum sem tilheyra starfsmanni. Ekki er hægt að búa til nýjar síur og vista í Nýrri textasýn.



Með kveðju,

TMS - Heilbrigðislausnir